



Stjórn Úrvinnslusjóðs

349. stjórnarfundur, fimmtudaginn 17. ágúst 2023 - kl. 14.30 – 16:00

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Til kynningar:
 - a. Viðarbretti
 - b. Úrskurður yfirskattanevndar
 - c. Sérstök söfnun, staða
 - d. Endurnýjun þjónustusamninga, staða
 - e. Persónuvernd, bréf
2. Drykkjarfernur
3. Úrvinnslugjöld tillaga um breytingar
4. Hagsmunaráð
5. Önnur mál (+ mín)
6. Fundargerð fundarins

Fundinn sátu:

Stjórn:

Magnús Jóhannesson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Gunnar Dofri Ólafsson (GDÓ) í stað Lífar Magneudóttur

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Samþykkt var tillaga um hækkun úrvinnslugjald fyrir hjólbarða úr ISK 40 kr./kg í ISK 65 kr./kg
- Samþykkt var að ganga að tilboði vegna úttekta á ferils úrvinnslu drykkjarferna

- Fundargerð fundar 349 var samþykkt

DAGSKRÁ

1. Til kynningar:
 - a. Viðarbretti
Farið er yfir samantekt um samskipti við aðila varðandi viðarbretti. Úrvinnslusjóður mun fylgja eftir ábendingum.
 - b. Úrskurður yfirs kattanevndar
Sagt er frá úrskurði yfirs kattanevndar frá 13. júní sl. og hvernig Úrvinnslusjóður hyggist bregðast við honum.
 - c. Sérstök söfnun – staða
Framkvæmd greiðslna vegna fyrsta ársfjórðungs gekk vel. Í einhverjum tilvikum vantar þó enn gögn svo greiðslur geti átt sér stað. Fyrirspurnir í kjölfar greiðslna hafa nánast allar verið almennar. Ánægja hefur verið með gagnvirka síðu og þær upplýsingar sem hægt er að nálgast þar. Kallað hefur verið eftir upplýsingum frá sveitarfélögum sem nota mætti til að sannreyna upplýsingar Úrvinnslusjóðs. Haldið verður áfram með úrtakskannanir. Könnunum á höfuðborgarsvæðinu er lokið. Næst verði farið verði í kannanir á Selfossi, Sauðárkróki, Borgarnesi, Akureyri og Grenivík og verði fulltrúi starfshóps viðstaddur þær kannanir til að hafa auga með framkvæmd eins og gert hefur verið á höfuðborgarsvæðinu. Næst í röðinni eru síðan sveitarfélög á Vestfjörðum og Austurlandi, líklega Ísafjörður og Fjarðabyggð. Þessar úrtakskannanir verða gerðar í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög og þjónustuaðila viðkomandi sveitarfélags varðandi söfnun á endurvinnsluefnum.

Stjórn óskar eftir frekari upplýsingum um greiðslur og mun skrifstofa Úrvinnslusjóðs sjá um að þær verði teknar saman. Einnig hefur fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga óskað eftir að fá afrit ef því sem við verður komið af samskiptum Úrvinnslusjóðs við sveitarfélög.
 - d. Endurnýjun þjónustusamninga
Sagt er frá stöðu við endurnýjun samninga.
 - e. Persónuvernd – bréf
Lagt er fram bréf Persónuverndar dags. 29. júní sl. um lokun máls sem stofnað var til á grundvelli tilkynningar um öryggisbrest dags. 6. október 2022.
2. Drykkjarfernur
Sagt er frá því hvaða gögn hefðu borist frá þjónustuaðilum um afdrif drykkjarferna. Lögð eru fram drög að lýsingu úttekta óháðs úttektaaðila, en áformað er að hluti úttekta felist í að leggja mat á framlögð gögn. Fyrirhugað er að úttekt hefjist í mánuðinum.

Stjórn samþykkti verklýsingu og að gengið verði til samninga við úttektaaðila.

3. Úrvinnslugjöld, tillaga um breytingar

Lagt er til að úrvinnslugjald vegna hjólbarða verði hækkað úr ISK 40 í ISK 65. Fyrirséð er að kostnaður vegna úrvinnslu hjólbarða muni aukast nokkuð á næstu árum. Nokkuð hefur gengið á sjóðinn enda hefur frá 2019 meira verið greitt úr sjóði en sem nemur því sem innheimt hefur verið í formi úrvinnslugjalds. Með hækkun úrvinnslugjalds ætti rekstur sjóðsins næstu ár að vera nálægt núlli. Uppsafnaður sjóður er metinn nægilegur til að standa undir óvæntum sveiflum.

Tillaga um hækkun úrvinnslugjalds var samþykkt

4. Hagsmunaráð

Lögð eru fram drög að stefnuskjali fyrir hagsmunaráð þar sem m.a. er lýst tilgangi ráðsins. Stefnuskjali er ætlað að vera tillaga Úrvinnslusjóðs sem svo er borin undir hagsmunaráð. Stefnt að því að fyrsti fundur ráðsins verði í október/nóvember nk. Úrvinnslusjóði er falið að halda áfram undirbúningi.

5. Fundargerð fundarins

Fundargerð fundarins samþykkt eins og hún er framlögð

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 15.49